

Sveitarstjóri Dalir

From: Sveitarstjóri Dalir
Sent: þriðjudagur, 17. apríl 2018 19:38
To: Finnbogi Kristjánsson
Cc: Þórhallur Örn Hinriksson (th@arnarlou.is); Magnús Pálmi Skúlason (magnus@logskipti.is)
Subject: 1609021 - Sala eigna - Laugar og Sælingsdalstunga
One: -1



Frón fasteignasala Finnbogi Kristjánsson

Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar fyrr í dag var eftirfarandi bókað:

Dalabyggð barst þann 18. desember 2017 tilboð í húseignir Dalabyggðar og Dalagistingar ehf að Laugum, 50% hlut Dalabyggðar í jörðinni Laugar og jörðina Sælingsdalstungu. Skv. tilboðinu er gert ráð fyrir að hlutar söluverðs verði til greiðslu 31.12.2019 (50 millj. kr.) á þriðja veðrétti og 31.12.2022 (150 millj. kr) á öðrum veðrétti.

Með tölvupósti dags. 21.12.2017 var fasteignasala tilkynnt um að Dalabyggð muni taka tilboðinu með nokkrum fyrirvörum m.a. að ekki bærast hagstæðara tilboð fyrir 30. desember 2017 og að skuldabréf vegna seinni greiðslna verði tryggt með 1. eða 2. veðrétti í öllum eignum.

Ekki bárust hagstæðari tilboð og á fundi sveitarstjórnar 16. janúar var samþykkt að ganga til samninga að uppfylltum nokkrum fyrirvörum.

Tilboðsgjafi féll frá fyrirvörum sínum 5. apríl 2018 en óskar jafnframt eftir að Dalabyggð færi skuldabréf sín á þriðja veðrétt.

Dalabyggð hefur ítrekað framlengt fresti tilboðsgjafa til að falla frá fyrirvörum um fjármögnun og rann fresturinn loks út 5. apríl sl. Sveitarstjórn setti það sem skilyrði fyrir að fresta greiðslum að skuldabréf vegna þessa væri tryggt með fyrsta eða öðrum veðrétti.

Sveitarstjórn hafnar því að skuldabréf vegna greiðslna tilboðsgjafa verði neðar en á öðrum veðrétti og slítur viðræðum við tilboðsgjafa.

Þetta tilkynnist hér með.

Með kveðju,
Sveinn Pálsson
Sveitarstjóri Dalabyggðar
Miðbraut 11, 370 Búðardal.
sími: 430 4700
netfang: sveitarstjori@dalir.is
veffang: www.dalir.is

Fyrirvari:
Þessi tölvupóstur getur innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.
Öll önnur notkun er óheimil og vísast til 47. og 74. gr. Laga nr 81/2003.
Disclaimer:
This e-mail may contain confidential information only intended for the addressee.
Please notify the sender if you have received this e-mail by mistake
